



Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 31. mars 2025

**Síminn hf.
Ármúla 25
108 Reykjavík
Kt. 460207-0880**

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu.....	3
Efnahagsreikningur.....	4
Eiginfjárfirlit.....	5
Sjóðstreymisyfirlit.....	6
Skýringar.....	7 -11
Ársfjórðungsyfirlit.....	12

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Tap var af rekstri félagsins sem nam 188 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 171 m.kr. á sama tímabili 2024. Heildartekjur félagsins á tímabilinu 1. janúar til 31. mars námu 7.173 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 6.575 m.kr. á sama tímabili árið 2024. Eignir félagsins í lok tímabils námu 42.135 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 16.916 m.kr. og var eiginfjárhlutfallið 40,1%.

Siminn birti afkomuspá þann 18. febrúar 2025. Birt EBITDA spá Símans fyrir árið 2025 var 7,0 til 7,4 ma.kr. og EBIT spá var 3,6 til 4,0 ma.kr. króna. Þann 26. febrúar birti Hæstiréttur dóm í máli Símans og Samkeppniseftirlitsins þar sem ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 25/2020 var staðfest. Klofinn Hæstiréttur sneri þar með við dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem og dómi Landsréttar um að ákvörðunin skyldi felld úr gildi og sektaði Símann um 400 m.kr. Sektin hefur verið gjaldfærð í reikningi félagsins og greidd. Með tilliti til niðurstöðu Hæstaréttar er uppfærð EBITDA spá Símans 6,6 til 7,0 ma.kr. og EBIT spá 3,2 til 3,6 ma.kr. Einnig eru gjaldfærðar skaðabætur vegna niðurstöðu í þremur dómsmálum fyrir alls 61 m.kr. í fjórðungnum.

Þann 27. ágúst 2024 gerði Síminn Pay samkomulag við Rapyd Europe hf. um að Síminn Pay myndi taka yfir kortalán og greiðsludreifingar VISA og MasterCard korthafa sem sett voru á laggirnar og starfrækt af hálfu Valitor. Í lok febrúar tók Síminn Pay við kortalánnum um níu þúsund einstaklinga fyrir 1.500 m.kr.

Á aðalfundi Símans hf. þann 13. mars 2025 var samþykkt tillaga stjórnar um lækkan á hlutafé félagsins vegna eigin hluta sem nam 175 m.kr. að nafnverði. Á sama fundi var samþykkt tillaga um heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að hámarki 247,5 m.kr. að nafnverði og tillaga um greiðslu arðs að fjárhæð 500 m.kr. til hluthafa sem félagið greiddi þann 28. mars s.l. Í samræmi við heimildir aðalfunda félagsins árin 2024 og 2025 hafa á tímabilinu janúar til mars verið keypt eigin bréf að nafnverði 38 m.kr. fyrir 525 m.kr. að markaðsverði. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. mars 2025 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2025. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2025

Stjórn

Jón Sigurðsson, formaður

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, varaformaður

Arnar Þór Mátsson

Bjarni Þorvarðarson

Valgerður Halldórsdóttir

Forstjóri

María Björk Einarsdóttir

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. mars 2025

	Skýr.	2025 1.1.-31.3.	2024 1.1.-31.3.
Sala	5	7.003	6.417
Kostnaðarverð sölu	6	(4.526)	(4.180)
Framlegð		2.477	2.237
Aðrar rekstrartekjur		170	158
Rekstrarkostnaður	7	(1.997)	(1.964)
Stjórnvaldssekt og skaðabætur		(461)	0
Rekstrarhagnaður		189	431
Fjármunatekjur		192	183
Fjármagnsgjöld		(517)	(375)
Gengismunur		4	(3)
Hrein fjármagnsgjöld	8	(321)	(195)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt		(132)	236
Tekjuskattur		(56)	(65)
(Tap) hagnaður tímabilsins		(188)	171
EBITDA		1.272	1.435
Hagnaður á hlut			
(Tap) hagnaður á hlut		(0,08)	0,07
Þynntur (tap) hagnaður á hlut		(0,08)	0,07

Skýringar á blaðsíðum 7 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 31. mars 2025

	Skýr.	31.3.2025	31.12.2024
Eignir			
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir		3.638	3.543
Leigueignir		1.750	1.844
Óefnislegar eignir		25.713	26.243
Aðrar eignir	9	980	638
	Fastafjármunir	<u>32.081</u>	<u>32.268</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	10	1.329	1.339
Viðskiptakröfur	11	2.403	2.503
Útlán	12	4.278	3.204
Aðrar skammtímakröfur	13	1.651	1.033
Handbært fé		393	835
	Veltufjármunir	<u>10.054</u>	<u>8.914</u>
	Eignir samtals	<u><u>42.135</u></u>	<u><u>41.182</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		2.445	2.483
Lögbundinn varasjóður		612	621
Annað bundið eigið fé		919	828
Óráðstafað eigið fé		12.940	14.184
	Eigið fé	<u>16.916</u>	<u>18.116</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		14.129	12.733
Leiguskuldbindingar		1.484	1.571
Tekjuskattskuldbinding	14	578	686
	Langtímaskuldir	<u>16.191</u>	<u>14.990</u>
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		2.484	2.084
Viðskiptaskuldir	15	3.787	3.760
Næsta árs afborganir langtímaskulda		429	429
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga		358	351
Skattar til greiðslu		367	255
Aðrar skammtímaskuldir	16	1.603	1.197
	Skammtímaskuldir	<u>9.028</u>	<u>8.076</u>
	Skuldir samtals	<u>25.219</u>	<u>23.066</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>42.135</u></u>	<u><u>41.182</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 7 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Eiginfjárfirlit 31. mars 2025

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samts
Eigið fé 1.1.2024	2.517		629	570	13.884	17.600
Hagnaður tímabilsins					171	171
Greiddur arður (0,2 á hlut)				(500)	(500)
Keypt eigin bréf	(19)	(5)	(167)	(191)
Seld eigin bréf	101	899				1.000
Fært af bundnu eigin fé				(33)	0
Kostnaður v/ kaupréttarsamninga					21	21
Eigið fé 31.3.2024	2.599	899	624	537	13.442	18.101
Eigið fé 1.1.2025	2.483	0	621	828	14.184	18.116
Tap tímabilsins				(188)	(188)
Greiddur arður (0,2 á hlut)				(498)	(498)
Keypt eigin bréf	(38)	(9)	(478)	(525)
Fært á bundið eigið fé				91	(91)	0
Kostnaður v/ kaupréttarsamninga					11	11
Eigið fé 31.3.2025	2.445	0	612	919	12.940	16.916

Skýringar á blaðsíðum 7 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti af árslutareikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 31. mars 2025

	Skýr.	2025	2024
		1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		189	431
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		1.083	1.004
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		11	21
		<u>1.283</u>	<u>1.456</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, lækkun		10	3
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, hækkun	(509)	(498)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun		<u>377</u>	<u>318</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(122)	(177)
		<u>1.161</u>	<u>1.279</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta			
Innborgaðir vextir		184	175
Greiddir vextir	(420)	(243)
Greiddir skattar	(53)	(90)
		<u>872</u>	<u>1.121</u>
Handbært fé frá rekstri			
		872	1.121
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(363)	(281)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(184)	(1.020)
Söluverð rekstrarfjármuna		0	9
Útlán, breyting	(1.446)	(119)
Kaup á dótturfélögum að frádregnu handbæru fé		0	(3.732)
		<u>0</u>	<u>(3.732)</u>
Fjárfestingarhreyfingar	(1.993)	(5.143)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	(498)	0
Kaup eigin bréfa	(525)	(191)
Tekin ný langtímalán		1.500	4.500
Afborganir langtímalána	(107)	0
Afborganir leiguskuldbindinga	(87)	(69)
Skammtímalán, breyting		<u>400</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>683</u>	<u>4.240</u>
Breyting á handbæru fé	(438)	218
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(4)	(2)
Handbært fé í byrjun tímabilsins		835	1.810
Handbært fé í lok tímabilsins		<u>393</u>	<u>2.026</u>

Skýringar á blaðsíðum 7 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til mars 2025 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „félagsins“ og til einstakra félaga sem „dótturfélaga“. Dótturfélög Símanns hf. eru Síminn Pay ehf., Radiómiðun ehf., Billboard ehf., BBI ehf. og Noona Iceland ehf.

Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta, fjártækni og miðlunar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

2.1. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símanns hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2024. Valdar skýringar eru með árshlutareikningnum til að skýra og upplýsa um rekstur félagsins á tímabilinu og breytingar á fjárhagslegri stöðu frá síðasta ársreikningi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.siminn.is og á vef Kauphallar Íslands: www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 29. apríl 2025.

2.2. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

2.3. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

2.4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2024.

4. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Starfsþáttur	Lýsing
Farsímaþjónusta:	Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
Gagnaflutningur:	Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og
Sjónvarpsþjónusta:	Dreifing á sjónvarpsefni, áskriftir og notkun á miðlum félagsins.
Auglýsingamiðlun	Auglýsingatekjur í umhverfismiðlun og sjónvarpi.
Vörusala:	Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
Annað:	Tekjur tengdar öðrum fjarskiptum og fjármálum.

Starfsþættir 1.1.-31.3.2025	Farsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Auglýsinga- miðlun	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur	1.685	2.067	1.901	563	415	542	7.173
Óskipt rekstrargjöld							(5.901)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)							1.272
Afskriftir							(1.083)
Hrein fjármagnsgjöld							(321)
Tekjuskattur							(56)
Tap tímabilsins							(188)
Fjárfestingar							(547)
Óskiptar eignir 31.3.2025							42.135
Óskiptar skuldir 31.3.2025							25.219

Starfsþættir 1.1.-31.3.2024	Farsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta*	Auglýsinga- miðlun	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur	1.628	2.064	1.836	173	424	450	6.575
Óskipt rekstrargjöld							(5.140)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)							1.435
Afskriftir							(1.004)
Hrein fjármagnsgjöld							(195)
Tekjuskattur							(65)
Hagnaður tímabilsins							171
Fjárfestingar							(1.292)
Óskiptar eignir 31.3.2024							40.723
Óskiptar skuldir 31.3.2024							22.622

* Breyting hefur verið gerð á starfsþáttayfirliti félagsins. Auglýsingamiðlun er sýnd sem starfsþáttur en var áður undir starfsþættinum Sjónvarpsþjónusta. Samanburðartölum hefur verið breytt til samræmis.

Skýringar

5. Sala

Seld þjónusta og vörur greinast þannig:	2025 1.1.-31.3.	2024 1.1.-31.3.
Sala á þjónustu	6.012	5.786
Auglýsingasala	551	173
Vörusala	440	458
	<u>7.003</u>	<u>6.417</u>

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

6. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	421	247
Kostnaðarverð seldrar þjónustu	2.831	2.670
Samtengigjöld	137	145
Kostnaðarverð seldra vara	395	402
Eignfærð vinna	(46)	(40)
Afskriftir	788	756
	<u>4.526</u>	<u>4.180</u>

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af: efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	959	1.024
Markaðs- og sölukostnaður	174	136
Húsnæðis- og bifreiðakostnaður	74	69
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður	257	257
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	239	229
Afskriftir	294	249
	<u>1.997</u>	<u>1.964</u>

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum	52	68
Vaxtatekjur af útlánum	140	113
Fenginn arður	0	2
	<u>192</u>	<u>183</u>

Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld	(397)	(281)
Vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga	(42)	(10)
Niðurfærsla útlána	(30)	(67)
Önnur fjármagnsgjöld	<u>(48)</u>	<u>(17)</u>
	<u>(517)</u>	<u>(375)</u>

Gengismunur	4	(3)
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(321)</u>	<u>(195)</u>

Skýringar

9. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:	31.3.2025	31.12.2024
Fjárfesting í öðrum félögum	8	8
Sjónvarpsefni til sýningar	522	522
Útlán til meira en 12 mánaða	450	108
Aðrar eignir samtals	<u>980</u>	<u>638</u>

10. Birgðir

Birgðir greinast þannig:		
Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir	665	710
Sjónvarpsefni til sýningar	664	629
Birgðir samtals	<u>1.329</u>	<u>1.339</u>

11. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	2.535	2.617
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(132)	(114)
Viðskiptakröfur samtals	<u>2.403</u>	<u>2.503</u>

12. Útlán

Útlán félagsins samanstanda af útlánum dótturfélags Símans hf., Símans Pay ehf. Eingöngu er um að ræða útlán til einstaklinga á bilinu 1-36 mánuðir.

Útlán 31.3.2025:	Brúttó bókfært virði	Fært meðal langtíma-krafna	Vænt útlánatap	Skamm-tímahluti útlána
Útlán fastar greiðslur 1-36 mán	2.032	(450)	(36)	1.546
Kreditkort, sveigjanlegar greiðslur	2.872	0	(140)	2.732
	<u>4.904</u>	<u>(450)</u>	<u>(176)</u>	<u>4.278</u>

Útlán 31.12.2024:

Útlán fastar greiðslur 1-36 mán	678	(108)	(40)	530
Kreditkort, sveigjanlegar greiðslur	2.807	0	(133)	2.674
	<u>3.485</u>	<u>(108)</u>	<u>(173)</u>	<u>3.204</u>

13. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	31.3.2025	31.12.2024
Fyrirframgreiddur kostnaður	1.006	701
Aðrar skammtímakröfur	645	332
Aðrar skammtímakröfur samtals	<u>1.651</u>	<u>1.033</u>

Skýringar

14. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:

	31.3.2025	31.12.2024
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	686	232
Kaup á dóttufélagi.....	0	336
Tekjuskattur tímabilsins.....	56	381
Skattar til greiðslu.....	(164)	(255)
Leiðrétting frá fyrra ári.....	0	(8)
Tekjuskattsskuldbinding samtals.....	<u>578</u>	<u>686</u>

15. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir	3.082	2.980
Áfallinn kostnaður	705	1.281
Viðskiptaskuldir samtals	<u>3.787</u>	<u>4.261</u>

16. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Áfallinn kostnaður	718	587
Ógreidd laun og launatengd gjöld	425	217
Ógreiddur virðisaukaskattur	460	393
Aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>1.603</u>	<u>1.197</u>

17. Málarekstur

Staða eftirfarandi máls er óbreytt frá útgáfu ársreiknings 2024.

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands komst að þeirri niðurstöðu að sekta Símann um 76,5 m.kr. á grundvelli þess að stofnunin taldi að Símann hefði ekki birt ætlaðar innherjaupplýsingar eða tekið ákvörðun um frestun á birtingu á ætluðum innherjaupplýsingum þann 31. ágúst 2021 í tengslum við sölu á dótturfélaginu Mílu ehf. Símann áfrýjaði málinu til Héraðsdóms Reykjavíkur til að fá ákvörðuninni hnekk en Héraðsdómur sýknaði Seðlabankann. Símann áfrýjaði dóminum til Landsréttar. Félagið hefur greitt fjárhæðina en ekki gjaldfært í rekstri.

18. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á árs hlutareikninginn.

Ársfjórðungsýfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	1 F 2024	2 F 2024	3 F 2024	4 F 2024	1 F 2025
Sala	6.417	6.708	6.773	7.291	7.003
Kostnaðarverð sólu	(4.180)	(4.527)	(4.166)	(4.455)	(4.526)
Framlegð	2.237	2.181	2.607	2.836	2.477
Aðrar rekstrartekjur	158	163	182	140	170
Rekstrarkostnaður	(1.964)	(1.708)	(1.925)	(2.032)	(1.997)
Stjórnvaldssekt og skaðabætur	0	0	0	0	(461)
Rekstrarhagnaður	431	636	864	944	189
Hrein fjármagnsgjöld	(195)	(320)	(292)	(306)	(321)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	236	316	572	638	(132)
Tekjuskattur	(65)	(72)	(123)	(121)	(56)
Hagnaður (tap) tímabilsins	171	244	449	517	(188)
EBITDA	1.435	1.726	1.915	2.071	1.272